

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fræðagarðs**

Fundur haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Félaga háskólamenntaðra sérfræðinga (FHS), miðvikudaginn 10. mars 2021 kl. 9:00. Fundurinn var haldinn í fjarfundi.

Mætt voru:

Fyrir hönd félaganna: Hjalti Einarsson og Júlíana Guðmundsdóttir.

Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

**Petta gerðist:**

**1. Starfsreynsla/fagreynsla starfsmanns**

Fulltrúar FHS telja að starfsmaður sem starfað hefur samkvæmt kjarasamningi Starfsgreinasambandsins í níu ár en samkvæmt kjarasamningi Fræðagarðs frá febrúar 2020, eigi að fá starfsreynslu/fagreynslu metna samkvæmt kjarasamningi Fræðagarðs frá því að starfsmaður hóf störf hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga benda á að persónuálag er greitt til samræmis við fagreynslu starfsmanns í starfsgrein sinni ef hann er í háskólafélagi.

Tekið er mið af starfstíma og/eða framhaldsnámstíma á því fræðasviði sem viðkomandi er ráðinn til að starfa á. Við mat á fagreynslu ber að taka mið af starfstíma og/eða framhaldsnámstíma á því fræðasviði sem viðkomandi er ráðinn til að starfa á. Ef viðkomandi hefur sinnt störfum utan þess fræðasviðs sem menntun hans tilheyrir teljast þau störf ekki til fagreynslu.

Fulltrúar SNS telja að þar sem viðkomandi starfsmaður hefur sinnt starfi samkvæmt kjarasamningi Starfsgreinasambandsins þar sem ekki eru gerðar sérstakar menntunarkröfur til starfsins, telst sú reynsla ekki sem fagreynsla samkvæmt grein 10.2.2 í kjarasamningi Fræðagarðs.

**2. Önnur mál:**

Á fundi samstarfsnefndar 5. nóvember 2020 var eftirfarandi bókað:

Samþykkt að skipa vinnuhóp með tveimur aðilum frá hvorum aðila fyrir sig til að koma málum í farveg í tengslum við bókun 8.

Fyrir hönd sambandsins munu Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir eiga sæti í vinnuhópnum. FHS tilnefnir sína fulltrúa síðar.

Máli frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.